

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 1. september 2023
UST202307-325/B.S.
10.05.00

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Ofanflóðavarnir á Norðfirði - Fjarðabyggð

Vísað er til erindis Fjarðabyggðar dags. 31. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagssvæðið er 23 ha og afmarkast af deiliskipulagi fyrir Drangagilssvæðið til vesturs og deiliskipulagi fólkvangs til austurs.

Fyrirhugað er að afvatna allt svæðið ofan varnarmannvirkja um eina ofanvatnrás sem mun enda í stokk við brú yfir Stóralæk.

Fólkvangur

Umhverfisstofnun bendir á að fólkvangur Neskaupsstaðar var friðlýstur árið 1972, sbr. augl. nr. 333 í B-deild Stjórnartíðinda. Markmiðið friðlýsingarinnar er að vernda náttúruminjar svæðisins í eins ósnortinni mynd og kostur er.

Fólkvangurinn er kjörinn til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu enda landslagið tignarlegt, lífríkið auðugt og jarðmyndanir fjölbreyttar.

Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þar sem áður var lækjarfarvegur verður gert ráð fyrir ofanvatnrás og þar af leiðandi hefur sú framkvæmt neikvæð áhrif á Stóralæk sem er á mörkum Fólkvangsins.

Umhverfisstofnun bendir á mörk fólkvangsins¹ og að friðlýsingarskilmálarnir fyrir fólkvanginn eru knappir en strangir en af þeim leiðir að einungis umferð gangandi er heimil, þ.e. svo lengi sem gangandi fólk veldur ekki gróðurskerðingu eða ónæði fyrir dýralífið innan svæðisins. Það er með öllu óheimilt að raska föstum bergmyndunum á svæðinu og öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil. Eins er öll umferð vélknúinna ökutækja stranglega bönnuð. Þær framkvæmdir sem heimilt er að fara í skv. skilmálunum eru þær að [náttúrunefnd Neskaupsstaðar] má laga þær gönguleiðir sem þörf er á svo fólk komist leiða sinna innan fólkvangsins.²

Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulagið verður að taka tillit til og mið af friðlýsingunni. Ef þetta þykja nauðsynlegar framkvæmdir þá er hægt að sækja um undanþágu frá

¹ http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Neskaupstadur,_kort.pdf

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/folkvangur-neskaupstadar/>

friðlýsingarskilmálunum, sbr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sótt er um undanþágu í gegnum þjónustugátt Umhverfisstofnunar (Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum) á www.ust.is.

Framkvæmdin

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort farvegur undir brú á Stóralæk anni öllu vatni sem þarna getur verið í leysingum og votviðri og hvort unnt sé að miðla einhverju af vatninu í Drangagil vestan við mannvirkin ef einhver hætta sé á því að vatnselgur geti orðið of mikill fyrir mannvirki við Stóralæk.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur